

Fundur stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH) haldinn á Hjálmsstöðum fimmtudaginn 4. maí 2017 kl. 21:00

Fundinn sátu Sigríður formaður, Auður ritari, Valur og Benjamín.

1. Fyrirhuguð live útsending skólans á facebook af samverustund rædd. Ekki æskilegt að gera nema kynna vel fyrir foreldrum og fá samþykki þeirra að mati stjórnar. Væri fróðlegt að fá fræðsluerindi um persónuvernd barna.
2. Íbúafundurinn gekk mjög vel og úttekt af honum er hér sem viðhengi, væri gaman að endurtaka þetta og nota hugmyndir sem þarna komu fram. Helsta sem stóð upp úr var að hafa sameiginlegan kynningarfund í haust. Að auka vægi félagsmiðstöðvarinnar, hversu miklar úrbætur þarf að gera á skólalóðinni og hjólageymsla á skólalóðinni væri kjörin.
3. Sigríður sem formaður FFH, formaður Samherja og formaður foreldrafélags Krummakots fengu viðurkenningu frá samtökum Heimilis og skóla fyrir íbúafundinn sem var haldinn.
4. Á fundinum sem við áttum með framkvæmdaráði í vor kom fram ósk um hugmyndir frá stjórn FFH að úrbótum sem hægt er að gera í haust á skólalóðinni. Næsti fundur stjórnar fer í að skoða lóðina og koma með hugmyndir til að senda framkvæmdaráði í ágúst.

Fundi slitið 23:00